

Stjórnarfundur FKA #6

Starfsár: 2023-2024

Staður: Hannesarholt

Dagsetning: 07.12.2023

Tími: 12:00 – 12:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (ÁÝJ), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdarstjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Dóra Eyland (DE), Erla Björg Eyjólfsdóttir (EBE), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS).

Dagskrá fundar:

12:00-12:05	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12:05 – 12:15	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, rekstraráætlun samþ. (AR) AR fer yfir fjárhag félagsins og rekstraráætlun ársins 2024 sem var samþykkt af stjórn. Farið yfir uppgjör vegna jólarölsins sem var vel sótt. Fengust þar góðir styrkir. Framkvæmdastjóri ræðir um stöðuna í Grindavík vegna eldoss og jarðhræringa. AR hringdi í skráðar félagskonur í Grindavík, óskaði þeim góðs og sagði þeim að stjórn hafði ákveðið að fella niður félagsgjöld þeirra þetta starfsárið. Þær voru einnig hvattar til þess að leita í félagið og tengslanetið og hlúa vel að sér.
12:15-12:20	3	Hlutverk innan stjórnar, staðan (UEA) Farið yfir hvaða hlutverk stjórnarkonur hafa, hvaða viðburði þær hafa yfirsýn yfir. Það vantaði stjórnarkonu til að fylgjast með FKA New Icelanders og alþjóðasamskiptum og HBS býður sig fram.

12:20-12:30	4	Tæknimálin og vefráð (GH + HB) GH fer yfir stöðu tæknimála og aðallega varðandi heimasíðu FKA. Minnir á mikilvægi þess að halda utan um vefsíðuna, tæknimál og vefráð. Fyrirhugaður fundur með Tækniráði. Borist hefur hugmynd/drög að kostnaðaráætlun sem rúmast ágætlega innan þess ramma sem rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Verður greint nánar síðar.
12:30-12:35	5	Viðurkenningarhátíð – nöfn í dómnefnd + praktík fram yfir áramót (AR og AÝ) AÝJ fer yfir stöðuna á Viðurkenningarhátíðinni sem verður haldin 24. janúar 2024 nk. Skipulag gengur vel. Dómnefnd búin að funda 1x og næstu fundur verður 18. desember, þar sem viðurkenningarhafar verða valdir.
12:35-12:42	6	Önnur mál a. Bara tala og viðburður í Eddu (GA) GA fer yfir Bara tala verkefnið og málþinginu í Eddu 14. nóvember 2023 í tilefni af degi íslenskrar tungu. Mjög skemmtilegt og vel heppnað. b. Podcast FKA New Icelanders Farið yfir tillögu félagskvenna FKA New Icelanders að podcasti. Margt sem þarf að huga að sem þarfnast betri umræðu síðar. c. Ósk um samstarf - konur í orkumálum Þarf að klára og hafa samband við Lovísu. d. Aldurstakmark í FKA Framtíð Flókin umræða sem þarf að klára seinna. e. Fjármagn til landsbyggðadeilda Rætt hvort fjármagn landsbyggðadeilda ætti að vera háð fjölda félagskvenna á hverjum stað eða ákveðin upphæð sem deildirnar fá. Mögulega hægt að sækja um viðbótarstyrki. Umræða kláruð seinna.

Fundi slitið klukkan 12:42

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir